

Nd. 579. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [149. mál]

í málinu: Frv. til l. um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstj. til að selja ríkisjörðina Hólma.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Þar eð sameining sveitarfélaga er nú mjög á dagskrá — umræður um sameiningu umræddra sveitarfélaga eru hafnar, en ekki reyndar til þrautar — og þar eð sameining Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps mundi leysa hið viðkvæma vandamál, sem frumvarpið fjallar um, ályktar deildin að fresta afgreiðslu frumvarpsins, meðan gengið er úr skugga um, hvort sameining sveitarfélaganna megi takast, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.